

Heimar hf.: Birting afkomutilkynningar þriðja ársfjórðungs 2025

Heimar hf. („Heimar“ eða „félagið“) munu birta afkomutilkynningu fyrir tímabilið 1.1. - 30.9.2025, eftir lokun markaða miðvikudaginn 22. október 2025.

Af því tilefni bjóða Heimar til opins kynningarfundar samdægurs kl. 16:15. Fundurinn verður haldinn í höfuðstöðvum félagsins í Smáralind, Hagasmára 1, 201 Kópavogi. Boðið verður upp á léttar veitingar.

Halldór Benjamín Þorbergsson forstjóri Heima mun kynna uppgjörið og svara spurningum að lokinni kynningu. Skráning á kynningarfundinn fer fram í gegnum netfangið fjarfestatengsl@heimar.is

Fundinum verður einnig varpað í gegnum netið á eftirfarandi slóð: <https://vimeo.com/event/5453097>

Nánari upplýsingar veitir Halldór Benjamín Þorbergsson, forstjóri Heima hf., sími: 821 0001

Viðhengi

[Heimar hf.: Birting afkomutilkynningar þriðja ársfjórðungs 2025](#)